

2. fundur skólaneftndar FG á skólaárinu 2014 - 2015 haldinn fimmtudaginn 6. nóv. 2014 kl.14:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólaneftndar, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigrún Gísladóttir og Jóhann Steinar Ingimundarson varamaður fyrir Áslaugu Huldu Jónsdóttur. Fundinn sátu einnig Ingvar Arnarson fulltrúi kennara og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

1. Fjármál skólans

Með fundarboði voru send rekstraryfirlit fram til október þessa árs og til samanburðar rekstraryfirlit yfir sama tímabil ársins 2013. Auk þess yfirlit yfir endurskoðun launaliðar frá júní 2014 vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Aðrir liðir en launaliðurinn eru nokkurn veginn samkvæmt áætlun.

2. Leikskólabraut

Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er ekki verið að skera niður faggreinanám í framhaldsskólum. Því þarf ekki að leggja niður leikskólabrautina.

3. Innritun á vorönn 2015

Búið er að opna fyrir rafræna innritun. Skólinn hefur ekki mikið svigrúm til að taka nýja nemendur inn.

4. Félagslíf nemenda

Skólameistari sagði frá Degi Loka sem haldinn var 24.október s.l. Þá var kennt til hádegis eftir hraðtöflu og nemendur og starfsfólk skiptu um hlutverk. Nemendur sáu um kennslu undir leiðsögn kennara sinna og tókst dagurinn vel. Eftir hádegi var FG-Flensborg-dagurinn. Þá öttu skólarnir kappi í hinum ýmsu keppnisgreinum og fór sú keppni fram í Mýrinni. Um kvöldið var síðan haldin ræðukeppni milli skólanna og fór sú keppni fram í Flensborgarskóla. Dagurinn tókst vel og lýsti skólameistari yfir áhuga á að slíkt samstarf við Flensborg mætti halda áfram.

5. Önnur mál

Sigrún Gísladóttir þakkar fyrir leigu á húsnæði skólans fyrir umdæmisþing Rotary. Samskipti við starfsmenn skólans voru góð, sérstaklega við húsvörð.

Skólameistari sagði frá endurskipulagningu vinnutímafyrirkomulags kennara sem nú er verið að vinna. Auk þess er vinna við styttingu. Það auðveldar þó þá vinnu að síðustu ár hefur verið unnið að nýrri námskrá sem nú er komin til framkvæmda. Atkvæðagreiðsla verður meðal félagsmanna KÍ í febrúar n.k. um vinnutímaskilgreininguna, ef hún verður samþykkt fylgir umtalsverð kauphækkun.

Næsti fundur: Tímasetning næsta fundar verður send út til nefndarmanna.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.